

Reykjavík 31. október 2024

## Af húsnæðismálum í MS

Eins og áður hefur fram komið höfum við í MS glímt við húsnæðisáskoranir síðustu tvö ár vegna raka og myglu. Það svæði sem er sérstaklega útsett samkvæmt mælingum er enn lokað og óheilmæmu lofti blásið út með undirþrýstingi. Alls hafa um 1000 fermetrar af skólahúsnæði verið lokaðir af og þar með staðið ónýttir síðustu 18 mánuði.

Til þess að halda öðrum svæðum í lagi fara fram reglulegar mælingar á loftgæðum og alþrif á húsnæðinu. Síðustu mælingar fóru fram í haust og komu vel út. Regluleg alþrif hófust fyrir helgi og verða öll eldri rými þvegin hátt og lágt til þess að bæta loftgæði. Lofthreinsitæki eru í öllum rýmum og við leggjum okkur fram við að hafa glugga opna til þess að auka loftflæði. Þetta reynist okkur þó vaxandi áskorun þegar vetur er genginn í garð og kólnar í veðri.

Frá árinu 2023 hafa farið fram ýmsar framkvæmdir t.d. lagt nýtt dren við eldri hús og nýtt þak á Þrístein ásamt allsherjar viðgerðum á rakaskemmdum svæðum í nýja húsinu okkar Aðalsteini. Ljóst er að endurnýja og lagfæra þarf eldra húsnæði skólans með gagngerum hætti og ekki verður kennt í húsnæðinu á meðan. Til þess að brúa þetta bil verða settar upp færanlegar kennslustofur á lóð skólans en því miður hefur það verkefni dregist á langinn hjá Framkvæmdasýslu Ríkisins (FSRE). Þó er ánægjulegt að tilkynna að síðastliðinn mánudag, þann 28. október, var deiliskipulag um breytingar á byggingarreit á lóð skólans auglýst í [Stjórnartíðindum](#) Breyting á deiliskipulagi er forsenda þess að hægt verði að setja upp sex tímabundnar kennslustofur við skólann. Einnig er komin tímasett áætlun á framkvæmdir þar sem gert er ráð fyrir að stofurnar verði tilbúnar til notkunar næsta haust. Á meðan búum við áfram við þrönga kost, þar sem hvert rými er nýtt til hins ítrasta.

Ef grunur leikur á að nemandi þjáist af húsasótt (hverslags veikindi sem geta stafað af loftgæðum og ofnæmi) hvet ég forráðafólk til að panta tíma hjá [náms- og starfsráðgjöf](#) og tilkynna til skólans. Skólinn reynir svo eftir fremsta megni að koma á móts við slíka nemendur.

Á næstu dögum á skólanum að berast valkostagreining frá FSRE um framkvæmdaráform svo vonandi fer að rofa til í húsnæðismálum.

Með góðri kveðju

Helga Sigríður Þórsdóttir, rektor

